


## Maxi 5000 gólfefni



### Kostir:

Endingargott.  
Mikið slitþol  
Samskeytalaust, auðvelt að þrifa  
Bætir umhverfi á vinnustað  
Fljótlegt í ásetningu  
Mikið efnaþol  
Án skaðlegra leysiefna

### Efnislýsing:

Maxi 5000 gólfefni er þykkmalning sem samanstendur af tveggja þátta glærum eða lituðum epoxy grunni, millilagi sem samanstendur af tveggja þátta epoxy resin lit og fylliefni og lituðu topplagi. Þykkt efnisins er 3-4mm. Efnið er án allra leysiefna. Maxi 5000 er fánlegt í fimm staðalítum og eins sérpantað eftir litakorti. Maxi 5000 er háglansandi.

### Hörðunartími:

Gangandi umferð	24 klst.
Flest umferð	48 klst.
Full harðnað gólf	7 dagar.

### Notkunarstaðir:

Dæmigerðir notkunarstaðir eru t.d. verstæði og lagerhúsnæði og matvælaíðnaður þar sem álag er mikið.

### Eiginleikar

Efnaþol: Maxi 5000 hefur gott efnaþol gagnvart flestum sýrum, sápum, olíum og fitu.  
Slitstyrkur er mikill gagnvart þungri umferð.  
Maxi 5000 er fullkomlega raka og vatnsgufuþétt.  
Maxi 5000 hefur mjög góða viðlöðun við demantslípað steypit undirlag og sandblásið stál.

### Leiðbeiningar:

Áður en Maxi 700 er lagt er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga.

1. Að undirlag sé meira en 25 N/mm<sup>2</sup> að brotstyrk. Að öðrum kosti þarf að styrkja undirlag.
2. Að hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags
3. Að lofthiti við gólf sé ekki undir 18° meðan á verki stendur.

### Verklýsing

Undirlagið skal vera hreint og laust við alla fitu. Ef um ílögn er að ræða þarf hún að nægan Innri styrk til að ætlaður árangur náist. Frekari hreinsun fer fram með demantslípun til að tryggja viðloðun við undirlagið.

Sprungur, ójöfnur og viðgerðir ber að framkvæma með viðgerðarefnum þannig að flöturinn sé tilbúinn fyrir gólfefni. Hlutfallsraki í undirlagi má ekki vera yfir 80%

1. Hreinnt undirlagið er grunnað með epoxy resin, eða DPM grunni íblönduðu kvartsandi 0,18 mm að gróleika. Kvartsandi að grófleika 0,7 – 1,2 er stráð í grunninn.
2. Millilag er epoxy resin blandað fylliefnum ístráð Kvarssandi eða dynagrip til mettunar.
3. Toppcoat, litað Vespox sl-s uv er síðan borið á flötinn með stálbretti. Yfirborðið er síðan jafnað með rúllu. Til aukinnar hálkuvagnar er dynagrip að hentugum grófleika stráð í blautan litin og jafnað með rúllu. Ekki mega líða meira en 24 klst. á milli umferða.

### Efnisnotkun pr m<sup>2</sup>

Efnið er borið á með stálbretti.

Grunnur. Epoxy resin 250 gr m<sup>2</sup> kvartsandur 0,18 150 gr Kvartsandur 07- 1,2 200 gr

Millilag Epoxy resin 800 gr. fylliefni 800 gr. kvartsandur 04-0,8 mm 3,5 kg

Toppcoat. 900 gr Vespox sl-s-uv litað epoxy.

### Hitastig

Hitastig í rýminu og undirlagi ber að vera ekki minna en 18°C. Hörðnum efnisins fer eftir hitastigi og lengist verulega við lægra hitastig.

### Umhverfi

Maxi 700 gólfefni er án upplausnarefna og lyktarlítið.

Herðirinn ( b hluti) er ætandi og þarf því að verja húð og augu við verkið.